

Fréttabréf

Rannsóknastofu í kvennafræðum

við Háskóla Íslands



2. tölublað, 2. árgangur

maí 1993

Heimspikiþing í Reykjavík

Á heimspingi hinna alþjóðlegu samtaka um heimspiki réttar og menningar, sem haldið verður við Háskóla Íslands, dagana 26. maí—2. júní 1993, verða nokkrir fyrirlestrar á sviði kvennafræða. Þar m. a. nefna fyrirlestur Sigríðar Þorgeirsdóttur heimspikings *Freedom, Community and the Family. Feminist Critique between Communitarianism and Liberalism*. Eins og titillinn gefur til kynna fjallar fyrirlesturinn um hugmyndir um einstaklingsfrelsi, samfélag og fjölskyldu í frjálslyndri (Rawls) og samfélagssinnaðri stjórn málaheimspiki (MacIntyre,

Sandel). Feminísk gagnrýni, eins og hún hefur þróast innan stjórn málaheimspiki og siðfræði, verður síðan staðsett með hliðsjón af þessum kenningum.

Sigríður, sem nýverið lauk doktorsprófi í heimspiki frá Humboldt háskólanum í Berlín, hlaut styrk á síðasta ári frá Rannsóknastofu í kvennafræðum. Hún hélt fyrirlestur á vegum stofunnar í janúar síðastliðnum.

Upplýsingar um heimspingið fást hjá IVR Heimsping 1993, Heimspikistofnun, Aðalbyggingu Háskóla Íslands, 101 Reykjavík.

Stjórn stofunnar skipa: Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldisfræði, Guðrún M. Ólafsdóttir, dósent í landafræði, Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, Kirstín Flygenring, hagfræðingur í viðskipta- og hagfræðideild, Kristín Björnsdóttir, lektor í hjúkrunarfræði og Sigríður Th. Erlendsdóttir, stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Þórunn Sigurðardóttir, bókmenntafræðingur.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands

Umsjón: Þórunn Sigurðardóttir

Alþjóðlegar ráðstefnur

31. júlí til 3. ágúst 1993 í Toronto, Kanada. *International Conference of the Gasat Gender and Science and Technology Association*. Upplýsingar: Ontario Women's Studies Directorate, 480 University Avenue, 2nd floor, Toronto, Ontario M5G 1V2, Canada.
8. til 11. ágúst 1993 í Prándheimi. *XI Nordiske konferense for Massekommunikasjonsforskning*. Efni er m.a., „manlig/kvinnelig i medier og mottakelse.“ Upplýsingar: Institutet for drama, film og teater, N-7055 Dragvoll, Norge.
- 11.-14. ágúst 1993 í Åbo í Finnlandi. *Societies in Transition: Canada and the Nordic Countries*. Efni er m.a., „The role and importance of women in the development of our societies.“ Upplýsingar: Keijo Virtanen, University of Turku, Dpt of Cultural History, SF-20500 Turku/Åbo. Sími 358-21-633-5220, símbref 633 6560.
13. til 15. ágúst 1993 í Gävle, Svíþjóð. *Den 17:e nordiska Sociologkongressen*. Vinnuhópar um m.a. „køn, organisering och social förändring“, og „køn och social identitet“. Upplýsingar: Inger Olars, Statens institutt for byggnadsforskning, Box 7785, S-80129 Gävle. Sími 46-26-14 77 00, símbref 46-265-11 81 54.
16. til 20. ágúst 1993 í Louvain í Belgíu. *5th Congress European Association Women in Theologic Research*. „Voicing Identity: Women and Religious Traditions in Europe.“ Upplýsingar: Mary Phil Korsak, Sentier-op-Linkebeek 7, B-1630, Linkebeek, Belgium.
19. til 21. ágúst 1993 í Ósló. *Nordisk Statsviterkongress*. Vinnuhópur m.a. um „Kønrelasjoner og europeisk transformasjon“. Upplýsingar: Beatrice Halsaa, Oppland Distriktshøgskole, Postboks 1004, N-2601 Lillehammer, Norge. Sími 47-62-88 000.
23. til 29. ágúst 1993 í Vilnius, Litháen. *Paths of Women: East and West*. Þemu eru m.a. „konur og vinna“, „konur og ofbeldi“, „konur og frami“, „femínísk teoría“. Upplýsingar: Mrs. Vida Kanopiene, Vilnius University, Women's Studies Centre, Universiteto 3, 39, 2734 Vilnius, Lithuania.

31. ágúst til 3. september 1993 í London. *Women, Civil Society, Citizenship and Democracy*. Upplýsingar: Liisa Rantalaiho, Tammerfors universitet, Institutet för folkhälsovetenskap, Postbox 607, SF-33101, Tammerfors, Finnlandi.
- 15.-17. september í London. *Women's Health: A Multidisciplinary Conference for Teachers of Medicine and Nursing*. Eingöngu fyrir þá sem eru í „nursing and medical education“. Upplýsingar: Conference Secretary, The Women's Health Care Research Unit, Dpt. of General Practice and Primary Care. Basic Medical Sciences Building at QMW. London, E1 4NS, England.
24. til 27. september 1993 í Danmörku. *Nordisk tverfagligt middelalderssymposium* „Kvinder i kirken“ á Dragsholms slot, Nordsjaelland, Danmark. Upplýsingar: Nanna Damsholt, Københavns universitet, Center for kvindeforskning, Københavns universitet, Njalsgade 106, DK-2300 København S.
- Október 1993 í Svíþjóð. *ICMI Conference on Gender and Mathematics Education*. Upplýsingar: Gila Hanna, MECA, Ontario Institute for Studies in Education, 252 Bloor Street West, Toronto, Ontario, M5S 1V6, Canada. Sími 1-416-923 6641. Símbref 1-416-926 4725.
25. til 27. nóvember 1993 í Stokkhólmi. *Nordisk Forskningspolitisk Konferens för kvinnoforskare*. Upplýsingar: Centrum för kvinnoforskning vid Stockholms universitet, S-106 91 Stockholm, Sverige.
- Maí eða júní 1994 í University of Alaska, Fairbanks, Alaska. *Northern Women, Northern Lives*. Upplýsingar fást hjá Beverly McClintock, Conference Coordinator, Kong Georgs Vej 9, 2000 Frederiksberg, Danmark. Eftir 30. júní hjá Judith Kleinfeld, Director, Northern Studies Program, College of Liberal Arts, 601A Gruening Building, University of Alaska, Fairbanks, Alaska 99775. Sími (907) 474-5266. Þemu eru m.a.: Women in Leadership Roles; Health Issues Which Face Northern Women; The Personal Life and Family Issues of Northern Women; Environmental Concerns in the North; Work Life Issues affecting Northern Women; The Social Welfare Network for Women in Northern Countries. Umsóknareyðublöð fást einnig á Rannsóknastofu í kvennafræðum.

5. til 9. júlí 1994 í Graz í Austurríki. *2nd European Feminist Research Conference: Feminist Perspectives on Technology, Work and Ecology*. Upplýsingar: Inter-University Research Center for Technology, Work and Culture, Schlögelgasse 2, A-8010 Graz, Austria. Sími 43-316-813909. Símbref 43-316-810274.
18. til 23. júlí 1994 í Bielefeld. *World Congress of Sociology*. Upplýsingar: Research Committee 32, International Sociological Association, Linda Christiansen-Ruffman, Department of Sociology, Saint Mary's University, Halifax, Nova Scotia, B3H 3C3 Canada. Símbref 902-420-5561.
27. til 31. júlí 1994 í Melbourne Ástralíu. *6th International Feminist Book Fair*. Upplýsingar: Susan Hawthorne, Chair, Management Committee, 6th IFBF, PO Box 212, North Melbourne, VIC.3051, Australia. Sími 61-3-329 6088.
4. til 15. september 1995 í Beijing í Kína. *FN:S vörldskongress för kvinnor*. Upplýsingar: *UN World Conference and the NGO Forum on Women 1995*, Kirchengasse 26, A-1070 Vienna, Austria. Símbref 43-1-526 1897.

Alþjóðleg námskeið

24. október til 5 nóvember 1993 verður haldið alþjóðlegt námskeið í háskólanum í Brighton í Eastbourne, Englandi. Námskeiðið ber yfirskriftina *Technology and rural women: an international perspective*. Þáttökugjald er 940 pund. Húsnæði og fæði 430 pund. Umsóknarfrestur er til 16 júlí næstkomandi.

Bókmenntir og kynferði

7. til 12. ágúst 1994 verður tuttugasta ráðstefna IASS (International Association of Scandinavian Studies) haldin í Reykjavík. Þema ráðstefnunnar er „bókmenntir og kynferði“. Skipuleggjendur eru Helga Kress, Úlfar Bragason og Vésteinn Ólason. Frestur, til að tilkynna þátttöku, er til 15. júní 1993. Upplýsingar fást hjá Ráðstefnum og fundum hf, Hamraborg 1-3, 200 Kópavogi.

Alþjóðleg samtök kvenna um ókeypis gistingu

IAWA (International Association for Women's Accomodation) býður konum að gerast meðlimir í alþjóðlegum samtökum um ókeypis gistingu. Meðlimir samtakanna leyfa hver öðrum að gista ókeypis á heimilum sínum (í herbergi eða

svefnpokaplássi í stofunni). Félagar eru ekki skyldugir til að taka við ferðalöngum hvenær sem er, heldur einungis þegar það hentar. Nánari upplýsingar fást á Rannsóknastofu í kvennafræðum.

Kynferði - náttúra - menning: femínískt rannsóknannet

Á vegum kvennarannsóknadeildar háskólans í Óðinsvéum hefur verið stofnað alþjóðlegt net um þemað *kynferði - náttúra - menning (Gender - nature - culture)*. Getu þeir sem áhuga hafa gerst áskrifendur að fréttabréfi netsins, sem gefið er út á ensku, sér að

kostnaðarlausu. Skrifa skal Dept. of Feminist Studies, Odense University, Campusvej 55, DK-5230 Odense M, Danmark. Einnig er hægt að fá umsóknareyðublöð á Rannsóknastofu í kvennafræðum.

Fundur um rannsóknastefnu og starfsemi Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands

Fundurinn var haldinn í Skólabað 26. janúar síðastliðinn. Þar sagði Guðný Guðbjörnsdóttir frá ráðstefnunni *Viten, viljen, vilkår*, sem var haldin í Ósló í október á síðasta ári, og fjallaði um rannsóknastefnu kvennafræða á Norðurlöndum. Þátttakendur á ráðstefnunni voru bæði fræðimenn, stjórnáamenn og embættismenn. Þar var reynt að meta stöðu kvennarannsókna og framtíðaráætlanir ræddar. Aðallega komu þar fram tvö sjónarmið á framtíð kvennarannsókna. Annars vegar, að þær ættu að vera þverfaglegar og starfa utan háskóladeilda. Hins vegar, að þær ættu að tengjast viðeigandi deildum háskólanna. Þeir sem studdu fyrri sjónarmiðið, bentu á að hætta fylgdi því að hverfa inn í deildirnar; kvennarannsóknir gætu við það tapað sérkennum sínum. Þeir sem studdu síðara sjónarmiðið, bentu á hættuna á einangrun kvennafræða frá háskóla-lífinu.

Eftir frásögn Guðnýjar, sagði Kristín Björnsdóttir frá starfsemi stofunnar á liðnu misseri. Hún lagði áherslu á, að stofan væri í sem bestu sambandi við áhugasama fræðimenn á sviði kvennafræða, sem störfuðu utan háskólans, og stakk upp á því að stofan stæði fyrir stefnumótandi fundi einu sinni á ári.

Eftir framsöguerindin voru fjörugar umræður og komu fram ýmsar hugmyndir og skoðanir um stefnu kvennafræða. Einnig kvörtuðu stúdentar yfir því, að námskeið í kvennafræðum ættu undir högg að sækja, og dyttu jafnvel út af námsskrá öðru hverju.

Rætt var um að stofan stæði fyrir stórum rannsóknaverkefnum, eins og algengt er að kvennafræðistofnanir geri annars staðar í heiminum. Því miður skortir fé til flestra hluta á rannsóknastofunni.

Áminning!

Árgjaldið fyrir fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum hefur skilað sér illa. Þeir sem vilja vera áfram á póstlista stofunnar eru vinsamlega beðnir um að greiða árgjaldið, sem er aðeins 500 krónur. Greiðsluna má senda í pósti (ávísanir skulu stílaðar á Rannsóknastofu í kvennafræðum) eða inna af hendi þegar þið eigið leið hjá stofunni.

Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum fyrir haustmisseri 1993 verður sett saman í byrjun september næstkomandi. Mun hún auglýst í næsta fréttabréfi, sem kemur út með haustinu. Þeir sem vilja benda á fyrirlesara, eða koma með uppástungur um verkefni fyrir næsta vetur, eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við stofuna fyrir 1. september.

Rannsóknastofan verður lokuð fyrstu tvær vikurnar í júní
og allan ágústmánuð

Rannsóknastofa í kvennafræðum
Sumarhóll
Háskóli Íslands
101 Reykjavík